

S A M K O M U L A G

með samningi undirrituðum 3. júlí 2009

milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

um

VINNUREGLUR

um ávinnslu, töku og fyrningu helgidagafrís

Undirritað 7. júlí 2009

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs gera með sér eftirfarandi samkomulag um vinnureglur um ávinnslu, töku og fyrningu helgidagafrís.

1. **Ávinnsla miðast við almanaksárið.** Sá stundafjöldi sem tilgreindur er í viðkomandi samningsgrein, miðast við fulla vinnu allt árið.
Að jafnaði skal miða við að helgidagafrí ávinnist eftir mánaðafjölda í starfi og telst ávinnslan vera 7,33 klst. á mánuði miðað við fullt starf og hlutfallslega fyrir hlutastarf.
 - 1.1 **Veikindi á ávinnslutíma.**
Við ávinnslu helgidagafrís skerða veikindi ekki fríð.
 - 1.2 **Námsleyfi, fæðingar- og foreldraorlof á ávinnslutíma.**
Engin ávinnsla reiknast í launuðum leyfum.
2. **Taka frísins** miðast við næsta almanaksár eftir ávinnsluár. Á sumarorlofstíma ber að taka sumarorlof á undan öðrum fríum.
 - 2.1 **Veikindi við töku frís.** Um þau skulu gilda sömu reglur og um veikindi í orlofi, þ.e.a.s. að tilkynna skal veikindin eins fljótt og auðið er og staðfesta þau síðan með læknisvottorði. Að öðrum kosti verða þau ekki tekin gild.
3. **Framlenging töku.** Heimilt skal að framlengja tökutímabil helgidagafrís um allt að tvo mánuði vegna veikinda eða aðstæðna á deild/stofnun. Verði töku frísins ekki lokið innan 14 mánaða, skal greiða eftirstöðvar þess sem hlutfall af mánaðarlaunum 1. apríl ár hvert.
 - 3.1 **Langvarandi veikindi á tökutímabili.**
Ef um langvarandi veikindi á tökutímabili er að ræða, þ.e. í einn mánuð eða lengur, skal tökutímabil lengjast um jafn langan tíma.
 - 3.2 **Fæðingarorlof á tökutímabili.**
Lengja skal tökutímabil fría um allt að jafn löngum tíma og fæðingarorlof stendur.
4. **Fyrning fría.** Helgidagafrí fyrnist ekki, sbr. 3. tölul. hér á undan.
5. **Starfslok.** Áunnið ótekið frí er reiknað sem hlutfall af mánaðarlaunum og greitt við starfslok. Semja má um töku slíks frís á uppsagnarfresti ef hægt er að koma því við vegna starfsemi stofnunar. Ekki skal nota ótekin frí til að lengja uppsagnarfrest umfram hina tilskildu þrjú mánuði.
6. **Yfirlit.** Stofnanir skulu leggja fram yfirlit um ávinnslu og töku fría a.m.k. tvisvar á ári, sem næst febrúar og október ár hvert. Á yfirliti þarf að koma fram hvenær töku frísins skuli lokið, sbr. 3. tölul.